

# Nytjaplöntur á Íslandi 2022

Yrki, sem mælt er með fyrir landbúnað, gras- og golfflatir,  
landgræðslu og garðrækt

*Varieties recommended for Icelandic  
agriculture, land reclamation, turfgrasses and greens*



Landbúnaðarháskóli Íslands, 2022.  
Rit Lbhí nr. 148  
ISSN 1670-5785  
ISBN 978-9935-512-22-2

Ritstjóri: Þóroddur Sveinsson  
Ljósmynd á forsíðu: Hávingulsyrkið Norild á 4. ári í tilraun á Hvanneyri 5. júlí 2021.

Landbúnaðarháskóli Íslands starfar á sviði sjálfbærrar auðlindanýtingar, búvísinda, umhverfisvísinda, skipulagsfræði og matvælaframleiðslu á norðurlóðum. Fagfólk skólans nýtur akademísks frelsis og hefur sjálfðæmi við val á viðfangsefnum, túlkun niðurstaðna og birtingu þeirra, innan ramma starfsreglna skólans. Hlutverk Rits Lbhí er að miðla faglegri þekkingu en það er ekki ritrynt. Efni hvers rits er á ábyrgð höfundar og ber ekki að túlka sem álit Landbúnaðarháskóla Íslands.

## Formáli

Á nytjaplöntulistanum 2022 hefur verið bætt við nokkrum yrkjum frá listanum 2021 eða; 1 í vallarfoxgrasi, 1 í vallarrýgresi, 1 í hávingli og 1 í byggi til þroska. Þá hafa lýsingar á yrkjum sumstaðar verið uppfærðar.

Á listanum eru yfirleitt yrki í hverri tegund sem hafa reynst best í skipulögðum tilraunum hér á landi. Þetta á sérstaklega við um fjölær fóðurgrös og kornyrki til þroska. Grænfóðuryrki á lista hafa flest verið prófuð hér á landi en ekki endilega eins mikið eða skipulega eins og korn- og túngrasayrkin. Þá eru á listanum yrki í sumum tegundum með góða og langa reynslusögu hér á landi en hafa ekki verið prófuð í skipulögðum tilraunum. Einnig er horft til niðurstaðna yrkjaprófana í Norður Skandinavíu við val á listana.

Á markaði eru oft yrki sem ekki hafa verið prófuð hér á landi eða hafa staðið sig illa í tilraunum og ná þess vegna ekki á yrkjalistann í þessu riti.

Eins og fyrr markast listinn talsvert af því hvað yrkjaprófanir í mörgum tegundum eru stopular eða engar. Fyrir því liggja nokkrar ástæður en einnig er í mörgum tegundum mjög takmarkað framboð af nýjum yrkjum sem henta við íslenskar aðstæður.

Þóroddur Sveinsson  
ritstjóri

### Höfundar yrkjalista:

Guðni Þorvaldsson (túngrös, landgræðsla, gras- og golfflatir)  
Helgi Jóhannesson, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (útigrænmeti)  
Hrannar Smári Hilmarsson (korn, grænfóður)  
Samson Bjarnar Harðarson (ber)  
Þóroddur Sveinsson (túngrös, korn, olíuplöntur, grænfóður og heilsæði)

## Efnisyfirlit (*Index*)

Fjölærar fóðurjurtir í túnrækt (Perennial forages for cultivated pasture) .....	4
Vallarfoxgras ( <i>Phleum pratense</i> L.).....	4
Vallarrýgresi ( <i>Lolium perenne</i> L.).....	5
Hávingull ( <i>Festuca pratensis</i> Huds.) .....	5
Axhnoðarpunktur ( <i>Dactylis glomerata</i> L.) .....	6
Vallarsveifgras ( <i>Poa pratensis</i> L.).....	6
Tágavingull ( <i>Festuca arundinacea</i> Schreb.).....	6
Háliðagras ( <i>Alopecurus pratensis</i> L.) .....	6
Hvítsmári ( <i>Trifolium repens</i> L.) .....	7
Rauðsmári ( <i>Trifolium pratense</i> L.) .....	7
Túnsmári ( <i>Trifolium hybridum</i> L.) .....	7
Grænfóður og heilsæði ( <i>Green fodder and whole crops</i> ).....	8
Bygg ( <i>Hordeum vulgare</i> L.) .....	8
Hafrar ( <i>Avena sativa</i> L.) .....	8
Vetrarrúgur ( <i>Secale cereale</i> L.) .....	8
Einært rýgresi ( <i>Lolium multiflorum</i> Lam.).....	9
Fóðurrepja ( <i>Brassica napus</i> L. var. <i>oleifera</i> DC).....	9
Fóðurmergkál ( <i>Brassica oleracea</i> L. var. <i>acephala</i> ).....	10
Fóðurnæpa ( <i>Brassica napus</i> L. var. <i>napobrassica</i> L. <i>rchb</i> ).....	10
Fóðurhreðka ( <i>Raphanus sativus</i> L. var. <i>oleiformis pers.</i> ).....	10
Fóðurflækja ( <i>Vicia sativa</i> L.) .....	10
Gráerta ( <i>Pisum sativum</i> L.) .....	11
Einær fóðurlúpína ( <i>Lupinus</i> spp.) .....	11
Korn til þroska ( <i>Cereal crops</i> ) .....	12
Bygg ( <i>Hordeum vulgare</i> L.) .....	12
Hafrar ( <i>Avena sativa</i> L.) .....	13
Vorhveiti ( <i>Triticum aestivum</i> L.) .....	13
Vetrarhveiti ( <i>Triticum aestivum</i> L.).....	14
Vetrarrúgur ( <i>Secale cereale</i> ).....	14
Olíujurtir ( <i>Oil crops</i> ).....	15
Olíurepja ( <i>Brassica napus</i> L. var. <i>olifeira</i> DC).....	15
Olíunepja ( <i>Brassica rapa</i> L. var. <i>olifeira</i> DC) .....	15
Iðnaðarjurtir ( <i>industrial plants</i> ).....	16
Iðnaðarhampur ( <i>Cannabis sativa</i> ) .....	16
Gras- og golfflatir ( <i>turf grasses and greens</i> ).....	17
Túnvingull ( <i>Festuca rubra</i> L.) .....	17
Língresi ( <i>Agrostis</i> ).....	17
Týtulíngresi ( <i>Agrostis canina</i> L.) .....	17
Hálíngresi ( <i>Agrostis capillaris</i> L.).....	18
Skriðlíngresi ( <i>Agrostis stolonifera</i> L.).....	18
Vallarrýgresi ( <i>Lolium perenne</i> L.) .....	18
Snarrótarpuntur ( <i>Deschampsia caespitosa</i> L.) .....	18
Skuggasveifgras ( <i>Poa supina</i> Schrad.) .....	18
Vallarsveifgras ( <i>Poa pratensis</i> L.).....	18
Sauðvingull ( <i>Festuca ovina</i> L. var. <i>duriuscula</i> ).....	18
Útigrænmeti ( <i>outdoor vegetables</i> ) .....	19
Kartöflur ( <i>Solanum tuberosum</i> ).....	19
Gulrófur ( <i>Brassica napus</i> , var. <i>napobrassica</i> ).....	19
Hvítkál ( <i>Brassica oleracea</i> var. <i>capitata</i> ).....	20
Blómkál ( <i>Brassica oleracea</i> var. <i>botrytis</i> ) .....	20

Spergilkál ( <i>Brassica oleracea</i> var. <i>silvestris</i> ) .....	20
Kínakál ( <i>Brassica rapa</i> var. <i>pekinensis</i> ).....	20
Grænkál ( <i>Brassica oleracea</i> var. <i>acephala</i> ) .....	20
Gulrætur ( <i>Daucus carota</i> ).....	20
Ber ( <i>Berries</i> ) .....	21
Jarðarber ( <i>Fragaria x ananassa</i> ).....	21
Rífsber ( <i>Ribes x pallidum</i> og <i>Ribes rubrum</i> ) .....	21
Sólber ( <i>Ribes nigrum</i> ) .....	21
Stíkilsber ( <i>Ribes uva-crispa</i> ).....	22
Landgræðslutegundir ( <i>Land reclamation species</i> ) .....	23
Túnvingull ( <i>Festuca rubra</i> L.) .....	23
Vallarsveifgras ( <i>Poa pratensis</i> L.).....	23
Beringspuntur ( <i>Deschampsia beringensis</i> Hult.) .....	23
Melgresi ( <i>Leymus arenarius</i> L. Hochst.).....	23
Snarrótarpuntur ( <i>Deschampsia caespitosa</i> L.) .....	23
Sauðvingull ( <i>Festuca ovina</i> L. var. <i>duriuscula</i> ) .....	24
Viðauki I.....	25
Listi yfir framleiðendur/eigendur <i>producers/owners of the varieties</i>	
Viðauki II.....	27
Sáðmagn helstu tegunda ( <i>seed rates for species</i> )	
Viðauki III.....	28
Yrki túngrasa í tilraunum ( <i>grass varieties in experiments</i> ) frá 1986	
Viðauki IV .....	33
Sáðvörulistar Evrópska Efnahagssvæðisins (EU – plant variety database)	



Yrkjatilraun í verlitna vallarrýgresi, Hvanneyri 1. september 2021.

## Fjölærar fóðurjurtir í túnærkt (Perennial forages for cultivated pasture)

### Vallarfoxgras (*Phleum pratense* L.)

Vallarfoxgras er mjög gott fóðurgras og gefur mikla uppskeru í fyrri slætti en lakari endurvöxt en margar aðrar tegundir. Það er ágætlega svell- og kuldaþolið en þolir síður en ýmsar aðrar tegundir að vera slegið snemma. Það er ekki þurrkþolið.

Adda	Lbhí	Sprettur vel fyrri hluta sumars, en lítið eftir fyrsta slátt. Mjög vetrarþolið. Ekki til á markaði lengur.
Engmo	Gram.	Norskt staðaryrki. Mjög vetrarþolið og gefur góða uppskeru í fyrri slætti en sprettur lítið eftir fyrsta slátt.
Grindstad	TG	Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þolnustu. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.
Gunnar	Gram.	Uppskerumikið og líkist Grindstad en gefur meiri endurvöxt og uppskeru ef slegið snemma.
Hertta	Bor.	Uppskerumikið og vetrarþolið, svipað og Tuukka.
Jonatan	SW	Ágætlega vetrarþolið. Uppskerumikið og gefur þokkalegan endurvöxt.
Korpa	Lbhí	Mjög vetrarþolið. Sprettur vel fyrri hluta sumars, en lítið eftir fyrsta slátt. Ekki til á mrkaði lengur.
Lidar	Gram.	Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þolnustu. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.
Liljeros	Gram.	Með svipað vetrarþol og Lidar og ágætlega uppskerumikið. Gefur meiri endurvöxt en norðlægu yrkin.
Noreng	Gram.	Yrki fyrir N-Noreg og er ætlað að leysa Engmo af hólmi. Vetrarþol ágætt en varla eins gott og hjá bestu norðlægu yrkjunum. Sprettur sæmilega eftir fyrri slátt.
Nuutti	Bor.	Samkvæmt finnskum rannsóknum gefur það heldur minni uppskeru en Grindstad. Það hefur hins vegar gefið svipaða uppskeru og Grindstad í tilraunum hér á landi og heldur meiri endurvöxt en norðlægu yrkin. Vetrarþol er betra en hjá Grindstad.
Rakel	SW	Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þolnustu. Vetrarþol er þó betra en hjá Grindstad. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.
Rhonia	Bor.	Uppskerumikið og vetrarþolið.
Rubinía	Bor.	Í hópi uppskerumestu yrkja. Vetrarþol er einnig gott.
Snorri	Lbhí	Afrakstur samnorænna kynbóta. Valdar plöntur héðan og úr nyrstu héruðum grannlandanna. Mjög vetrarþolið, nokkuð uppskerumikið en gefur minni endurvöxt en mörg önnur yrki.
Tenho	Bor.	Gaf heldur meiri uppskeru en Snorri í tilraunum hér á landi en minni uppskeru en Grindstad. Í finnskum rannsóknum gaf það betra fóðurgildi en Grindstad. Vetrarþol ágætt.
Tryggve	SW	Ágætlega vetrarþolið en þó ekki eins og bestu yrkin. Uppskeyra er einnig minni en hjá uppskerumestu yrkjunum.

Tuukka	Bor.	Gaf heldur meiri uppskeru en Snorri í tilraunum hér á landi en minni uppskeru en Grindstad. Í finnskum rannsóknum hafði það betra fóðurgildi en Grindstad. Vetrarþol gott. Finnar telja það með vetrarþolnari yrkjum við sínar aðstæður.
Uula	Bor.	Vetrarþolnast af finnsku yrkjum samkvæmt finnskum niðurstöðum. Hefur einnig reynst mjög vetrarþolið hér. Fóðurgildi mjög gott samkvæmt finnskum niðurstöðum og uppskera ágæt.
Vega	Gram.	Uppskerumikið og vetrarþolið. Gefur meiri endurvöxt en sum önnur vetrarþolin yrki.

### Vallarrýgresi (*Lolium perenne* L.)

Vallarrýgresi er talsvert breytileg tegund. Það er uppskerumikið og mjög gott fóðurgras, sem má slá eða beita. Það er ekki eins vetrarþolið og vallarfoxgras en getur lifað í nokkur ár í mildari sveitum. Á undanförunum árum hafa komið fram yrki sem eru vetrarþolnari en þau sem áður voru á markaði. Vallarrýgresi getur bæði verið ferlitna (4n) og tvílitna (2n). Ferlitna rýgresi gefur meiri uppskeru og betra fóður en tvílitna yrkin sem eru aftur á móti yfirleitt vetrarþolnari.

Calibra (4n)	DLFT	Hefur reynst vel hér á landi og gefur góða og gæðamikla uppskeru.
Fagerlin (2n)	Gram.	Gaf góða uppskeru á Korpu í þrjú ár.
Gunne (2n)	SW	Kom vel út í Korputilraun þar sem það gaf meiri uppskeru en Svea.
Indicus 1 (2n)	DLFT	Gaf góða uppskeru á Korpu í þrjú ár en vetrarþol takmarkað samkvæmt norskum tilraunum.
Irene (2n)	SW	Líkist Svea.
Premium (2n)	DLFT	Gaf góða uppskeru á Korpu í þrjú ár.
Svea (2n)	SW	Mjög snemmsprottið og tiltölulega vetrarþolið.
Birger (4n)	SW	Nokkuð reynt héraendis. Gefur góða uppskeru og er tiltölulega vetrarþolið.
Trygve (4n)	Gram.	Uppskerumikið í prófunum, nokkuð vetrarþolið.
Ivar (4n)	Gram.	Hefur reynst heldur vetrarþolnara en Birger.

### Hávingull (*Festuca pratensis* Huds.)

Hávingull hefur mikið verið notaður í Skandinavíu. Hann er uppskerumikill og gefur ágætan endurvöxt. Þolir ágætlega frost en er ekki eins svellþolinn og vallarfoxgras. Hávingull er heppilegur til ræktunar í blöndu með rauðsmára, vallarfoxgrasi eða öðrum grastegundum. Hann er ágætt fóðurgras.

Ilmari	Bor.	Uppskerumikið og vetrarþolið.
Inkeri	Bor.	Uppskerumeira en önnur yrki, sem hér hafa verið prófuð. Vetrarþolið.
Kasper	SW	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.
Klaara	Bor.	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.
Norild	Gram.	Norðlægt yrki. Uppskerumikið og vetrarþolið.
Revansch	SW	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.
Tored	SW	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.
Salten	Gram.	Gamalt yrki, þrautreynt. Uppskerumikið og vetrarþolið.
Valtteri	Bor.	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.
Vidar	Gram.	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.
Vinjar	Gram.	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki samkvæmt norskum tilraunum.

### Axhnoðarpuntur (*Dactylis glomerata* L.)

Axhnoðarpuntur hefur lítið verið notaður í túnrækt hér á landi. Hann fer snemma af stað á vorin og það þarf að slá hann snemma til að fá gott fóður. Hann gefur góðan endurvöxt, er þurrkþolinn en þolir svell og vorfrost ekki eins vel og vallarfoxgras. Hann er ágengur í samkeppni og hentar því best í hreinrækt.

Apelsvoll	Gram.	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.
Hattfjellidal	Gram.	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.
Laban	Gram.	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.
Luxor	SW	Uppskerumikið yrki með þokkalegt vetrarþol.
Priekulu 30		Uppskerumikið yrki með þokkalegt vetrarþol.
Regenta DS		Uppskerumikið yrki með þokkalegt vetrarþol.
Swante	SW	Mjög uppskerumikið yrki með þokkalegt vetrarþol.

### Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.)

Vallarsveifgras er skriðult gras sem myndar þéttan grassvörð og lokar eyðum. Það hefur verið í mörgum grasfræblöndum fyrir tún á undanförunum áratugum og einnig berst villt vallarsveifgras í tún frá umhverfinu. Það gefur góðan endurvöxt og er ágætt fóður. Það er þó ekki eins lystugt og vallarfoxgras. Það er mjög harðgert, en er ekki eins uppskerumikið og uppskerumestu fóðurgrösin.

Fylking	SW	Lítill puntur, tiltölulega jöfn spretta allt sumarið.
Knut	Gram.	Mjög vetrarþolið yrki.
Kupol	SW	Nýtt yrki, sem á að leysa af Sobra. Afar fíngert. Vetrarþol minna en hjá Knut.
Lavang	Gram.	Mikill puntur, skriður snemma.
Primo	SW	Gamalt yrki, þrautreynt.
Sobra	SW	Gamalt yrki, uppskerumikið.

### Tágavingull (*Festuca arundinacea* Schreb.)

Tágavingull hefur lítið verið notaður á Íslandi en notkun hans hefur aukist í nágrennalöndum okkar undanfarið. Þar þykir hann gefa mikla uppskeru og vera nokkuð vetrarþolinn. Hann er einnig mjög þurrkþolinn. Fóðurgildi hans er hins vegar ekki með því besta og fellur hratt. Hann er frekar seinn til eftir sáningu. Í þeim tilraunum sem hér hafa verið gerðar hefur tágavingull verið lakari en okkar bestu grastegundir bæði um uppskeru og vetrarþol.

Swaj	SW
Karolina	Bor.
Retu	Bor.

### Háliðagras (*Alopecurus pratensis* L.)

Háliðagras er harðgerð og endingargóð tegund, sem sprettur og skriður mjög snemma og þarf því að slá snemma. Það gefur góðan endurvöxt.

Alko	BPG	Lifir þokkalega og gefur ágæta uppskeru.
------	-----	--



### Hvítsmári (*Trifolium repens* L.)

Hvítsmára er alltaf sáð með grasi og hentar mjög vel í beitartún en einnig tún sem á að nýta til slæгна. Það þarf að smita fræið áður því er sáð í nýtt land. Hann er íslensk tegund og sést víða í túnum. Ný yrki sem eru uppskerumeiri en íslenski hvítsmárin hafa komið á markað á undanförunum árum. Hvítsmári breiðir úr sér með jarðrenglum og á því auðvelt með að auka þekju sína árin eftir sáningu. Hann er ekki uppskerumikill en ágæt fóðurjurt og gefur góðan endurvöxt. Ágætt vetrarþol.

Litago	Gram.	Blaðstærri en Norstar og Snowy. Nokkuð gott vetrarþol.
Largo	Gram.	Nýtt yrki. Lítið prófað en lofar góðu.
Norstar	Gram.	Uppskera þokkaleg og vetrarþol gott.
Snowy	Gram.	Uppskera þokkaleg og vetrarþol gott.
Undrom	SW	Gamalt yrki, þrautreynt, en gefur heldur minni uppskeru en Norstar.

### Rauðsmári (*Trifolium pratense* L.)

Rauðsmári sést víða á Íslandi sem slæðingur. Hann er uppskerumeiri en hvítsmári og gefur góðan endurvöxt og er einnig góð fóðurjurt. Rauðsmári hefur ekki jarðrenglur og hefur því ekki sömu möguleika á að breiða úr sér og hvítsmárin. Hann hefur hins vegar stólparót og þolir þurrk ágætlega, en er ekki eins vetrarþolinn og hvítsmári. Rauðsmára er sáð í blöndu með grasi. Það þarf að smita fræið áður en því er sáð í nýtt land. Það eru til bæði tvílitna (2n) og ferlitna (4n) yrki af rauðsmára. Ferlitna yrkin eru stærri og uppskerumeiri.

Bjursele (2n)	SW	Mikið prófað. Ágætlega endingargott og uppskerumikið.
Gandalf (2n)	Gram.	Nýtt yrki sem lofar góðu bæði hvað varðar uppskeru og vetrarþol.
Saija (2n)	Bor.	Nýtt yrki sem lofar góðu bæði hvað varðar uppskeru og vetrarþol.
Yngve (2n)	SW	Ágætlega endingargott og uppskerumikið.
Betty (4n)	SW	Mikið prófað. Ágætlega endingargott og uppskerumikið.
Lars (4n)	Gram.	Nýlegt yrki, hefur komið vel út í tilraunum.
Lasse (4n)	Gram.	Nýlegt yrki, hefur komið vel út í tilraunum.
Lavine (4n)	Gram.	Nýlegt yrki, hefur komið vel út í tilraunum.
Lone (4n)	Gram.	Nýlegt yrki, hefur komið vel út í tilraunum.
Torun (4n)	SW	Nýlegt yrki, hefur komið vel út í tilraunum.
Peggy (4n)	SW	Nýtt yrki sem lofar góðu bæði hvað varðar uppskeru og vetrarþol.
Lasang (4n)	Gram.	Nýtt yrki sem lofar góðu bæði hvað varðar uppskeru og vetrarþol.
Selma	Bor.	Nýtt yrki sem lofar góðu bæði hvað varðar uppskeru og vetrarþol.

### Túnsmári (*Trifolium hybridum* L.)

Túnsmári er ekki eins vetrarþolinn og rauðsmári og hvítsmári. Hann gerir hins vegar minni kröfur til jarðvegs, þolir t.d. súrari jarðveg. Það þarf að smita fræið áður en því er sáð í nýtt land.

Alpo	Gram.	Gefur heldur minni uppskeru en Norstar hvítsmári. Sæmilegt vetrarþol.
Frida	SW	Gefur heldur minni uppskeru en Norstar hvítsmári. Sæmilegt vetrarþol.

## Grænfóður og heilsæði (*Green fodder and whole crops*)

Grænfóður er sundurleitur flokkur einærra fóðurjurta. Að hluta til er um að ræða tegundir, sem að öllu jöfnu eru ætlaðar til fræþroska, en hér á landi notaðar hálfþroskaðar sem grænfóður. Svo er um korntegundirnar, repju, einæra lúpínu og ertur, svo að dæmi séu tekin. Aðrar tegundir eru eingöngu ræktaðar og kynbættar til grænfóðurs, svo sem sumar- og vetrareinært rýgresi. Ekki eru grænfóðuryrki jafnvandvalin og fjölær grös og korn, sem annað hvort þurfa að lifa íslenskan vetur eða ná þroska á svölu sumri.

Heilsæði er að uppistöðu til korntegund sem getur verið ræktað í blöndu með öðrum tegundum grænfóðurs, eins og repju og/eða ertu. Hér á landi er algengast að rækta heilsæði með byggi í blöndu með repju en einnig stundum ertum.

### Bygg (*Hordeum vulgare L.*)

Nota má mörg þau sömu byggyrki til grænfóðurs eða heilsæðis og mælt er með til þroska. Einungis þarf að breyta þroskaferli, til dæmis má seinka sáningu fyrir grænfóður og líka oftast ráðlagt að auka áburðargjöf. Hér er þó bent á uppskerumikil og seinþroska yrki, sem hafa verið prófuð aðeins hér á landi og geta gefið heldur meiri uppskeru sem grænfóður en hefðbundnu kornyrkin. Bygggrænfóður þarf að nýta fyrir skrið því að það tréna hratt um og eftir skrið. Bygg sem heilsæði er skorið á síðustu stigum kornfyllingar (gulþroskastigi) en áður en kornið nær harðþroskastigi.

Edel (6r)	Gram.	Seint til þroska, blaðríkt og hávaxið. Sprettur mikið við góða áburðargjöf.
Chigwell (6r)	SeCan1	Beinvaxið og breiðblaða og getur gefið talsverðan endurvöxt.
Ponoka (2r)	SeCan2	Beinvaxið og breiðblaða og getur gefið talsverðan endurvöxt.

### Hafrar (*Avena sativa L.*)

Sumaryrki vaxa hraðar en vetraryrki fyrri hluta sumars, en tréna hratt upp úr skriði. Sumaryrki standa sig venjulega betur en vetraryrki í samkeppni við illgresi. Sumaryrki þarf að slá snemma en vetraryrki mega bíða sláttar fram eftir sumri en slá samt fyrir skrið. Hafrar gefa nokkurn endurvöxt ef slegnir snemma.

Sumaryrki:

Belinda	SW	Fremur seint til þroska miðað við sumaryrki almennt. Þaulreynt yrki og mikið notað.
---------	----	---

Vetraryrki:

Jalna	PBI	Yrki að góðu þekkt úr gömlum tilraunum hér á landi og er enn til.
Donna	Bor.	Ekki fullreynt yrki, skriður seinna en Belinda og gefur jafnmikla uppskeru.

### Vetrarrúgur (*Secale cereale L.*)

Sáð í júlí - ágúst, látinn spretta til haustsins og lifa veturinn. Byrjar að spretta mjög snemma. Notaður til beitar í maí og eitthvað fram í júní.

Riihi	Bor.	Vetrarþolið yrki, sprettur ört snemma vors, verður gríðarlega hávaxið ef ekki er beitt. Á þá alla möguleika á því að þroska korn, en ekki þykir yrkið uppskerumikið.
-------	------	--

## Einært rýgresi (*Lolium multiflorum* Lam.)

Sáð snemma vors. Slegið samsumars, venjulega tvisvar eða oftar. Gefur mikinn endurvöxt, eitt græn fóðurtegunda. Sprettur langt fram á haust og gefur þá góða haustbeit. Tvílitna rýgresi er þurrefnisríkara en það ferlitna og hentar því betur í rúlluverkun. Ferlitna rýgresi er aftur á móti lystugra en það tvílitna og er eftirsóttara af beitarfénaði.

Sumaryrki skriða hratt miðsumars og gæta þarf þess að slá/beita frumvöxt fyrir eða um skrið. Vetraryrki skriða seinna og hægar en sumaryrki. Hérlendis lifa þau ekki veturinn nema í undantekningartilvikum og má því telja þau einær. Vetraryrki spretta hægar en sumaryrki í frumvexti en hraðar en sumaryrkin í endurvexti. Vetrarrýgresi getur eftir milda vetur gefið uppskeru árið eftir sáningu. Fóðurgildi vetraryrkja er hærra en sumaryrkja.

Sumaryrki (var. *westerwoldicum*):

Barspectra	Bar.	Ferlitna, gamalt yrki og hefur alltaf reynst hér vel. Hávaxið og skriður snemma, gefur líka góðan endurvöxt.
Bartigra	Bar.	Ferlitna, svipað undanfarandi tegund. Fær þá einkunn bæði hérlendis og erlendis, að það sé ákaflega fljótt af stað eftir sáningu og sérlega öflugt í samkeppni við illgresi. Þarf að slá snemma, en það gefur góðan endurvöxt.
Jivet	DLFT	Ferlitna sem gefur góða uppskeru.
Lemnos	DvP	Ferlitna sem gefur góða uppskeru.
Speedyl	R2n	Ferlitna frekar seinþroska yrki sem er flokkað bæði sem sumar- og vetraryrki. Uppskerumikið í góðum árum.
Swale	SW	Tvílitna, mjög uppskerumikið, skriður dálítið. Líkur eru á, að þetta yrki gæti hentað vel í rúlluverkun.

Vetraryrki (var. *italicum*):

Barmultra	Bar.	Ferlitna, blaðríkt, lágvaxið og skriður seint. Þrautreynt hérlendis og mikið notað um árabíl.
Danergo	DLFT	Ferlitna, kröftugra en undanfarandi tegund, svipar þó til hennar að mörgu leyti. Skriður seint sem er kostur.
Malmi	NP	Ferlitna, mjög vöxtulegt af vetrarrýgresi að vera og kröftugt í samkeppni við illgresi. Skriður dálítið.
Meroa	DvP	Ferlitna og frekar snemmþroska og skriður.
Turgo	DLFT	Ferlitna uppskerumikið yrki.

## Fóðurrepja (*Brassica napus* L. var. *oleifera* DC)

Er bæði til sem sumar- og vetrar afbrigði. Sumarrepjan blómstrar snemma sama ár og sáð er, og missir þá fóðurgildi sitt hratt og hentar því sjaldan sem græn fóður. Vetrarrepjan safnar forða sáðárið, en blómstrar yfirleitt ekki nema frost geri á sprettutíma. Vetrarrepja er eitt mest ræktaða græn fóðurið hérlendis.

Vetraryrki:

Akela	JZ	Gamalreynt yrki, uppskera í meðallagi.
Barcoli	Bar.	Uppskerumikið, þrautreynt hérlendis og hefur verið notað lengi. Hefur ævinlega hlotið góða dóma í tilraunum.
Barsica	Bar.	Svipar mjög til Barcoli.
Delta	SW	Lágvaxið og blaðríkt yrki. Gamalt og þrautreynt frá Svíþjóð.

Emerald	SES	Gamalt og gott yrki sem er komið aftur á markað. Upphaflega frá Svíþjóð.
Hobson	AS	Blaðríkt yrki, hættir lítið til að blómstra. Þetta yrki hefur náð miklum vinsældum hérlendis.
Interval	Lim	Uppskerumikið yrki sem svipar til Hobson en gefur meiri uppskeru.
Licapo	DS	Þýskt blaðríkt yrki sem enn er ekki fullreynt hér á landi.
Rampart	LG	Ekki ósvipað Hobson en enn ekki fullreynt hér á landi.

### Fóðurmergkál (*Brassica oleracea L. var. acephala*)

Afar kröftugt og uppskerumikið í góðu sumri, en sprettur seint og verður áfallasamt þegar illa árar. Því hefur vetrarrepjan tekið við hlutverki þess að stórum hluta hérlendis. Sá þarf eins snemma og mögulegt er til að nýta sumarið. Þolir ekki mikið illgresisálag.

Grüner Angeliter	ASP	Þrautreynt yrki og hefur verið notað hér um langt árabil.
Maris Kestrel	PBI	Gamalt yrki og hefur reynst vel í tilraunum.
Marrow Stem	SISL	Gamalt yrki og hefur reynst vel í tilraunum.

### Fóðurnæpa (*Brassica napus L. var. napobrassica L. rchb*)

Uppskerumikil tegund sem er ræktuð fyrir haustbeit handa kúm og sauðfé oft í blöndu með repju. Hefur takmarkað arfaþol og er viðkvæm fyrir kálflugu. Fóðurgildi næpu er mjög hátt en kenna þarf kúm og kindum að éta hana.

Civasto R	EuroG.	Tvílitna.
Marco	EuroG.	Ferlitna. Tiltölulega lítil hætta á stöngulmyndun.
Vollenda	EuroG.	Ferlitna. Tiltölulega lítil hætta á stöngulmyndun.

### Fóðurhreðka (*Raphanus sativus L. var. oleiformis pers.*)

Mjög hraðvaxta tegund sem blómstrar snemma og tapar þá fóðurgildi sínu hratt. Yfirleitt ekki mælt með þessari tegund sem grænófóður nema við sérstakar aðstæður.

Siletina	GSSG
Siletta Nova	ASP

### Fóðurflækja (*Vicia sativa L.*)

Á fyrri hluta 20. aldar voru gerðar margar og ítarlegar tilraunir með einærar belgjurtir til grænófóðurs. Áhugi vaknaði aftur á síðasta áratug aldarinnar. Fóðurflækju (hún er náskyld umfeðmingi) er ævinlega sáð með byggi eða höfrum, sem halda henni uppi. Niturtillífun flækjunnar kemur bæði henni sjálfri og svarðarnautum til góða, en steinefni þarf að bera á. Flækju þarf að smita með viðeigandi rötargerlum við sáningu eins og aðrar belgjurtir.

Nitra	Bar.	Valið best þeirra yrkja sem reynd voru í tilraunum um aldamótin síðustu.
-------	------	--

### Gráerta (*Pisum sativum* L.)

Afkastamest þeirra einæru belgjurta sem reyndar voru í tilraunum á 20. öld og eina tegundin, sem verið hefur í notkun síðasta áratug. Ertu er annaðhvort sáð með byggi eða höfrum, sem halda henni uppi, er oft notuð sem heilsæði með hálfþroskuðu byggi. Niturnám ertunnar kemur bæði henni og svarðarnautum til góða, en steinefni þarf að bera á. Ertu þarf að smita með viðeigandi rôtargerlum við sáningu eins og aðrar belgjurtir.

Bohatyr	Oseva	Reynt í tilraunum með góðum árangri.
Timo	SW	Valið best þeirra yrkja, sem reynd voru fyrir og um aldamótin síðustu.
Tinker	KWS	Hefur ekki verið reynt í tilraunum. Tilgreint hér til vara. Hefur verið flutt inn og notað síðustu árin og ekki undan því kvartað.

### Einær fódurlúpína (*Lupinus* spp.)

Með kynbótum hefur fódurlúpínan verið losuð við beiskjuefni. Tvær tegundir eru notaðar af þessari einæru lúpínu, gul *L. luteus* og blá *L. angustifolium*. Þær tegundir voru reyndar ítarlega héraendis fyrir og um aldamótin. Ekki fyrirfinnst á markaði eins og er yrki sem prófuð voru af þeirri gulu, reyndist hún þó ívið betri í tilraunum. Rótarkerfi lúpíunnar er mjög öflugt og virðist litla þörf hafa fyrir áburð af hverju tagi sem nefnist. Lúpína er jafnan ræktuð ein sér. Lúpínu þarf að smita með viðeigandi rôtargerlum við sáningu eins og aðrar belgjurtir.

*L. angustifolius* (blá)

Sonet	Poz.	Valin best þeirra yrkja, sem reynd voru í tilraunum fyrir og um aldamótin síðustu.
-------	------	--

## Korn til þroska (*Cereal crops*)

### Bygg (*Hordeum vulgare L.*)

Sexraða bygg (6r) þroskast að jafnaði fyrr en tveggjaraða bygg (2r). Sexraða bygg hefur aftur á móti að jafnaði veikt strá, brotnar í veðrum og leggst jafnvel. Að auki fellur kornið frekar úr axi að hausti í vindi samanborið við tvíraða bygg sem gerir það líka auðveldara í þreskingu. Því er sexraðabygg helst notað norðanlands, austan og vestan, einnig að hluta til í uppsveitum syðra. Tvíraða bygg er notað í lágsveitum syðra. Tvíraða bygg gefur færri korn úr hverju axi en bætir það upp með meiri kornþunga og fleiri hliðarsprotum.

Sexraða yrki:

Aukusti (6r)	Bor.	Fljótþroska, nokkuð hávaxið, hefur reynst nokkuð vel bæði í tilraunum og einnig í ræktun. Yrkið skilar álíka uppskeru og Brage og Wolmari en stráið er heldur viðkvæmara.
Brage (6r)	Gram.	Fljótþroska, nokkuð hávaxið, gefur mikla uppskeru og er í flestu álitlegt. Hefur reynst betur sunnanlands en önnur hávaxin sexraða yrki. Er nokkuð þolið gagnvart sveppasjúkdómum.
Elmeri (6r)	Bor.	Miðlungi fljótþroska með stórt korn og hefur gefið góða uppskeru í hinum betri árum. Í köldu ári hefur það reynst miður. Veðurþol er furðumikið af sexraðayrki að vera.
Jalmari (6r)	Bor.	Er áþekkt öðrum finnskum yrkjum, tiltölulega fljótþroska án þess að slá öðrum finnskum yrkjum við, sama er að segja um uppskeruna. Hefur komið vel út í frjórri jörð en Jalmari leggst frekar en að brotna.
Judit (6r)	SW	Mikið reynt gamalt yrki, fljótþroska en gefur eftir í uppskeru. Getur farið illa í haustveðrum, sem gerir eftir að kornið er þroskað. Nær ekki nýjustu yrkjum í uppskerumagni. Judit er móttækileg fyrir sveppasjúkdómum.
Hermanni (6r)	Bor.	Ekki fullreynt nýtt yrki en sem kom mjög vel út í yrkjaprófunum 2020. Mikil uppskera og góð kornþyngd.
IsSmyrill (6r)	Lbhí	Fljótþroska. Gefur meiri uppskeru en miðlungs til seinþroska sexraða yrki í meðal árum en minni uppskeru í góðum árum.
Trym (6r)	Gram.	Trym hefur staðið sig vel þegar á heildina er litið. Uppskeran er mjög mikil og getur hæglega notið sín vel í bestu árum. Leggst ekki en getur brotnað.
Vertti (6r)	Bor.	Dæmigert finnskt yrki og líkist Hermanni en heldur uppskeruminna. Góð kornþyngd.
Wolmari (6r)	Bor.	Fremur fljótþroska uppskerumikið og reynist í heildina vel. Veðurþolið er ekki til vansa. Á líklega helst heima norðanlands en getur líka gengið í uppsveitum syðra. Wolmari leggst frekar en að brotna.

Tvíraða yrki:

Arild (2r)	SW	Þetta yrki var í fyrsta sinn í tilraunum 2016 og hefur reynst vel. Það er tiltölulega hávaxið en fljótast til þroska af erlendum tvíraða yrkjum, nokkuð seinna en Kría, en skilar góðri uppskeru. Hefur ekki verið prófuð héraendis fyrir sveppasjúkdómum.
Filippa (2r)	SW	Tiltölulega seinþroska. Gefur undir meðallagi uppskeru en stórt og fallett korn. Í haustríningum hallast Filippa en brotnar síður en leggst nokkuð. Móttækileg fyrir sveppasjúkdómum.

Iskría (2r)	Lbhí	Miðlungi fljótþroska. Kría hentar til notkunar víða um land síst þó á austanverðu Norðurlandi. Víðast er Kría valin vegna öryggis enda þroskast hún fyrr en önnur tvíraða yrki. Kría gefur þó minni hálm en hin tvíraðayrkin. Móttækileg fyrir sveppasjúkdómum.
Kannas (2r)	SW	Ívið fljótara til þroska en Filippa. Gefur að auki heldur meiri uppskeru. Er fallett álitum og hefur ekki orðið fyrir áföllum af veðrum hingað til. Kannas hefur sýnt nokkurt þol gegn sveppasjúkdómum. Kornþungi Kannas jafnast ekki á við Filippu. Hefur reynst vel í sveppaárum.
Saana (2r)	Bor.	Seinþroska. Saana er einstaklega strásterkt og fallett yrki og stendur vel langt fram eftir hausti. Saana þarf langan vaxtartíma en þolir líka haustveðrin flestum yrkjum betur. Uppskeran er vel undir meðallagi. Hefur reynst vel í sveppaárum.

### **Hafrar (*Avena sativa* L.)**

Hafrar eru seinni til þroska en bygg en gera aftur á móti ekki eins miklar kröfur til jarðvegs. Hafrar þola til að mynda þurrk betur en bygg. Hafrar ná frekast þroska á sandjörð og geta þá gefið mikla uppskeru. Venjulega lætur gæs og álfthafra í friði og eru þeir nokkuð þolgóðir í haustveðrum. Áburðarþörf er ívið minni en í bygg til þroska. Mörg og góð yrki eru í boði í grannlöndunum, einkum í Noregi og Finnlandi.

Akseli	Bor.	Nokkuð fljótþroska og álitlegt. Reyndist prýðilega í tilraun 2012, en hefur lítið verið í almennri ræktun.
Cilla	SW	Fljótþroska og nokkuð uppskerumikið yrki. Hefur verið aðalyrkið í ræktun undanfarin ár.
Dovre	Gram.	Uppskerulítið, einstaklega fljótt til að skriða og þroska.
Haga	Gram.	Ekki eins fljótþroska og yrkin hér á undan, en afar uppskerumikið. Þarf gott ár og hlýviðris sveit til að sýna sínar bestu hliðar.
Meeri	Bor.	Er fljótþroskaðra en Haga en gefur ekki eins mikla uppskeru í góðum árum.
Niklas	Bor.	Er fljótþroskaðra en Haga en gefur ekki eins mikla uppskeru í góðum árum.
Perttu		Kom mjög vel út í yrkjaprófunum 2020 en er ekki fullreynt.
Ringsaker	Gram.	Uppskerumikið, en skilaði minni uppskeru en Haga í tilraun 2017.

### **Vorhveiti (*Triticum aestivum* L.)**

Vorhveiti þarf langt og hlýtt sumar eða allt að því mánuði lengri vaxtartíma en fljótþroska bygg við íslenskar aðstæður. Ekki má búast við að það nái viðunandi þroska nema í allra bestu árum og í góðsveitum. En hveiti stendur betur af sér haustveður en aðrar tegundir korns. Úrvalið af fljótþroska yrkjum af vorhveiti er mjög lítið.

Anniina	Bor.	Var áberandi fljótast til þroska í tilraunum 2009. Samkvæmt erlendum tilraunaniðurstöðum virðist yrkið vera fljótara en önnur vorhveitiyrki á markaði. Hefur verið notað dálítið héraendis með árangri í bestu sumrum.
Bastian	Gram.	Næst fljótast í tilraunum 2009. Hefur líklega ekki verið notað til ræktunar hér enn sem komið er.
Wappu	Bor.	Sett hér til vara. Hefur ekki verið reynt í tilraunum, en er talið fljótþroska af yrkiseigendum.

## Vetrarhveiti (*Triticum aestivum* L.)

Sáð í júlí - ágúst. Oft tvísýnt um hvernig hveitinu vegnar yfir veturinn, en ef það lifir, þá byrjar vöxturinn snemma. Kröfur til sumarhita eru því ekki alveg jafnmiklar og hjá vorhveiti. Vetrarhveiti hentar einungis þar sem vetrarveðráttá er stöðug með litlum svellalögum og þar sem er góður sumarhiti.

Arktika	Bor.	Vetrarþolið, uppskerumikið, miðlungi fljótþroska og hefur staðið sig vel í ræktun. Vart hefur orðið við að stráíð sé veikt og því sé hættara við legu en öðru vetrarhveiti.
